

Markmið og fjárfestingarstefna


IS Einkasafn E er sjóðsdeild í fjárfestingarsjóðnum IS Einkasöfn sem fjárfestir í hlutdeildarskríteinum verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingarsjóða. Sjóðsdeildinni er einnig heimilt að fjárfesta í stökum fjármálagerningum. Fjárfestingar í gegnum sjóði og stakir fjármálagerningar skulu vera í ríkistryggðum verðbréfum. Að auki hefur sjóðsdeildin heimildir til að fjárfesta beint eða í gegnum sjóði í hlutabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum annarra útgefanda auk innlána. Heildarfjárfesting í hlutabréfum í gegnum sjóði og/eða beint má mest vera 75% en minnst 15%.

Nánari upplýsingar um sjóðsdeildina má nálgast í útboðslýsingu IS Einkasafna, lykilupplýsingum sjóðsins á vef Íslandssjóða eða hjá söluaðilum sjóðsins.

Fjárfestingaheimildir


Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir	30-90%
Hlutdeildarskríteini verðbréfasjóða	0-70%
Hlutdeildarskríteini fjárfestingarsjóða	0-70%
Aðrar fjárfestingar	10-70%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	0-60%
Önnur skuldabréf og víxlar	0-30%
Innlán fjármálafrýrtækja	0-50%
Hlutdeildarskríteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011	0-20%
Hlutabréf	0-75%
Afleiður	0-20%

Eignasamsetning




Stærstu eignir


IS EQUUS Hlutabréf	13%
Verðtryggð ríkisbréf 14.4.2021	9%
Íbúðabréf á gjalddaga 15.02.2024	7%
IS Sértryggð skuldabréf VTR	7%
IS Ríkissafn	5%
Laust fé	4%
Óverðtryggð ríkisbréf 5.2.2020	3%
Blackrock World Index Fund	3%
EIK hf.	3%
Alpha hlutabréf	3%



Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
1 mán	1,2%	
3 mán	5,7%	
6 mán	7,8%	
1 ár	15,3%	15,3%
2 ár	11,9%	5,8%
3 ár	19,7%	6,2%
Frá áramótum	9,1%	
Frá stofnun**	46,1%	9,2%



Almennar upplýsingar

Stofnár	2015
Stærð [m.kr.]	320
Tegund sjóðs	Fjárfestingarsjóður
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000025500
Auðkenni	EINKA-E FL-B
Sjóðstjóri	Sigurður G. Gíslason
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Lágmarkskaup	10.000
Lágmarksáskrift	5.000
Árleg umsjonarlaun, flokkur B*	0,60%
Kostnaður við kaup, flokkur B*	1,0%
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

*Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eru með samning um eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf við Íslandsbanka. Flokkur A er fyrir aðra fjárfesta. Nánari upplýsingar um flokka A og B má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

LEI númer: 549300IS4N3GHHTJT155

Tölfræði

Áhættuflokkun	4/7
Meðallíftími skuldabréfaeignar, ár	3,3
Verðtryggingarhlutfall	69%
Staðalfrávik ávöxtunar (flökt)**	

**Útreikningar miðast við dagleg gildi síðustu 36 mánaða, á ársgrundvelli.

Nánari upplýsingar

Íslandssjóðir hf.
Hagasmára 3, 201 Kópavogi
Sími: 440-4920
www.islandssjodir.is
Söluaðili:
Íslandsbanki hf.
www.islandsbanki.is

** Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 12. febrúar 2015.

Fyrirvari

Fjárfestingu í fjárfestingasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í fjárfestingasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflöktis gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Gengi sjóðsins er háð þróun á innlendum skuldabréfa- og hlutabréfamörkuðum. Fjárfestingar sjóðsins eru að jafnaði vel dreifðar og næst þannig áhættudreifing sem er til þess fallin að draga úr sveiflum í gengi sjóðsins. IS Einkasafn E er sjóðasjóður sem fjárfestir m.a. í öðrum sjóðum sem gefur færi á meiri dreifingu en ef fjárfest væri í sjóði sem fjárfestir eingöngu beint í einstökum skuldabréfum og hlutabréfum. Samkvæmt lögum mega sjóðasjóðir að hámarki eiga 20% í einstaka sjóðum og jafnframt þurfa þeir sjóðir að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum. Þetta þýðir að eigna- og áhættudreifing sjóðasjóðs eins og IS Einkasafns E er mikil. Rétt er að hafa hugfast að fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum fylgir áhætta og að gengi getur lækkað jafnt sem hækkað.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu IS Einkasafns E, sérstaklega umfjöllun um áhættur, á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is.

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.